

Alþingi
Erindi nr. P 130/775
komudagur 20.1.2004

FHSS Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2004.


Efni: umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) hefur fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar. Af því tilefni vill stjórn félagsins leyfa sér að gera athugasemd við þann hátt sem háttvirtur fjármálaráðherra hefur á framlagningu erindisins, sem er algerlega án samráðs við þann mikla fjölda launamanna á opinberum vinnumarkaði sem málið snertir. Af þeirri ástæðu einni er tilefni til þess að draga frumvarpið til baka og hefja viðræður við samtök opinberra starfsmanna um þann ætlaða vanda sem frumvarpið beinist gegn og finna leiðir til úrbóta.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það leiða til þess að launamenn hjá hinu opinbera standa berskjaldaðir gagnvart yfirmönnum sínum, sem í hinu pólitískt litaða starfsumhverfi Stjórnarráðs Íslands er óviðunandi. Ítrekað hafa verið gerðar athugasemdir við það hvernig staðið er að ráðningu starfsfólks hjá hinu opinbera eins og bent er á í skýrslu fjármálaráðuneytisins frá 1999, *Starfsumhverfi ríkisstarfsmanna við aldahvörf*. Verði stjórnendum að óbreyttu fenginn í hendur sá aukni „stjórnunarréttur“ að reka fólk án þess að starfsmenn komi nokkurri vörn við er hætt við að mannauður hjá hinu opinbera fari fljótt þverrandi. Eðlilegra virðist að byrja á að tryggja opinberum stofnunum kunnáttusama og hæfa stjórnendur sem eru færir um að fylgja einföldum, skriflegum leiðbeiningum. Þegar þeim áfanga er náð má fara að huga að því að rýmka „stjórnunarrétt“ þeirra.

Stjórn FHSS mótmælir fram komnu frumvarpi fjármálaráðherra og krefst þess að það verði dregið tafarlaust til baka.

Virðingarfyllst,


Ólafur Grétar Kristjánsson, formaður

Stjórn FHSS er svo skipuð: Ólafur Grétar Kristjánsson, formaður, menntamálaráðuneyti, Auðbjörg Halldórsdóttir, utanríkisráðuneyti, Björn Arnar Magnússon, félagsmálaráðuneyti, Dóróthea Jóhannsdóttir, fjármálaráðuneyti, Kristín Helga Markúsdóttir, samgönguráðuneyti og Margrét Erlendsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.